# MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

# ÁRSSKÝRSLA 2019

# EFNISYFIRLIT

INNGANGUR ..... 3
HLUTVERK ..... 3
NEMENDUR ..... 3
**Innritaðir nýnemar** ..... 3
**þrenns konar námsfyrirkomulag** ..... 4
**Samsetning nemendahópsins** ..... 4
**Brottfall** ..... 5
NÁM ..... 5
**Brautir í boði** ..... 6
**Hlutfall Bók-, starfs- og verknáms** ..... 7
FÉLAGSLÍF NEMENDA ..... 8
KENNSLA OG STJÓRNUN ..... 8
SAMSTARF ..... 9
MARKMIÐ OG STEFNA ..... 10
**Markmið a1: Minnkað brotthvarf nemenda við skólann** ..... 10
**Markmið 2: Fjölga útskrifuðum úr starfs- og verknámi** ..... 11
**Markmið A3: Þróa og efla áfram fjölbreytt námsframboð við skólann** ..... 11
**Markmið B1. Innleiðing gæðakerfis vegna verknáms** ..... 12
**Markmið B2. Aukin Starfsþróun kennara og starfsfólks** ..... 12
FRAMVINDA OG ÁVINNINGUR AF ÁHERSLUVERKEFNUM ..... 13
**Innleiðing gæðastjórnunar** ..... 13
**Jafnlaunavottun** ..... 13
**Skjalavarsla** ..... 14
**Persónuvernd** ..... 14
**eftirfylgni innra mats** ..... 14
FJÁRHAGSLEG AFKOMA ..... 15
HÚSNÆÐI SKÓLANS OG SAMNINGAR ..... 17

# INNGANGUR

Í ársskýrslu þessari er farið yfir þau verkefni sem mennta- og menningarmálaráðuneytið og stjórnendur Menntaskólans á Ísafirði hafa gert samkomulag um og birtist í stefnuskjali ríkisaðila.

# HLUTVERK

Menntaskólinn á Ísafirði (hér eftir nefndur MÍ) starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi MÍ þjóna því.

Hlutverk MÍ er að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins og því er lögð rík áhersla á samstarf við stofnanir og fyrirtæki á heimaslóðum skólans. Boðið er upp á nám á verk- og starfsnámsbrautum, bóknám til stúdentsprófs og nám á starfsbraut fyrir fatlaða nemendur.

Í fámennu samfélagi sem býr við landfræðilega einangrun er mikilvægt að hlutverk skólans taki einnig mið af þörfum samfélagsins. MÍ er eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum og það er skólanum því kappsmál að geta boðið upp á gott og fjölbreytt nám bæði á bóknámsbrautum og á starfsnámsbrautum. Skólinn stuðlar að alhliða þroska nemenda og menntun í samræmi við 2. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Í skólastarfinu skal búa nemendur undir störf og frekara nám, efla með þeim ábyrgðarkennd og víðsýni, þjálfa þá í öguðum vinnubrögðum, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugrar þekkingarleitar. Í skólanámskrá og gæðahandbók mótar skólinn stefnu sína og markmið skólastarfsins, skipulag skólans og reglur, námsbrautir og áfangalýsingar.

# NEMENDUR

Skólinn þjónar breiðum nemendahópi á þann hátt að sem flestir fá menntun við hæfi. Upptökusvæði dagskólanemenda skólans eru norðanverðir Vestfirðir en dreif- og fjarnámsnemar koma af öllu landinu. Kynning á skólanum fer fram með ýmsum hætti, s.s. á heimasíðu hans, samfélagsmiðlum, með kynningum fyrir grunnskólanemendur, heimsóknum grunnskólanemenda og opnu húsi sem fór fram þann 26. mars 2019.

## INNRITAÐIR NÝNEMAR

Á haustönn 2019 voru innritaðir nýnemar alls 39 og skiptust þeir þannig á brautir:

| Braut | Fjöldi |
|---|---|
| Félagsvísindabraut | 4 |
| Grunnnám háriðngreina | 2 |
| Grunnnám málm- og véltæknigreina | 6 |
| Náttúruvísindabraut | 3 |
| Opin stúdentsbraut | 22 |
| Starfsbraut | 2 |
| **Alls** | **39** |

Mynd tekin í árlegri nýnemaferð í Dýrafjörð í ágúst 2019

## ÞRENNS KONAR NÁMSFYRIRKOMULAG

Í MÍ er þrenns konar námsfyrirkomulag. Í fyrsta lagi dagskólanám, í öðru lagi dreifnám sem er skipulagt sem nám með vinnu og í þriðja lagi fjarnám. Fjarnám hefur verið einn aðalvaxtabroddur skólans undanfarin ár og á sinn þátt í að haustönn 2019 var meðaltalsnýtingarhlutfall í bóknámsáföngum 25 nemendur.

| | Vor 2019 | Haust 2019 |
|---|---|---|
| **Dagskóli** | 205 | 219 |
| **Dreifnám** | 78 | 76 |
| **Fjarnám** | 129 | 136 |
| **Alls** | **412** | **431** |

## SAMSETNING NEMENDAHÓPSINS

**KYN NEMENDA:** Skipting nemenda eftir kyni árið 2019 var þannig að kvenkyns nemendur voru í meirihluta:

| | Vor 2020 | Haust 2019 |
|---|---|---|
| KK | 185 | 189 |
| KVK | 227 | 241 |

**ALDUR NEMENDA:** Aldursdreifing nemenda MÍ er nokkur mikil. Yngstu nemendurnir árið 2019 voru 14 ára en elstu 65 ára. Flestir nemendur eru á aldrinum 16-20 ára:

| Aldur | Vor 2019 | Haust 2019 |
|---|---|---|
| **14-15 ára** | 1 | 13 |
| **16-20 ára** | 227 | 219 |
| **21-25 ára** | 74 | 85 |
| **26-30 ára** | 30 | 38 |
| **31-35 ára** | 21 | 19 |
| **36-40 ára** | 20 | 25 |
| **41-45 ára** | 10 | 11 |
| **46-50 ára** | 11 | 9 |
| **51-55 ára** | 12 | 6 |
| **56-60 ára** | 4 | 2 |
| **61-65 ára** | 2 | 2 |

**BÚSETA NEMENDA:** Nemendur MÍ koma úr öllum landshlutum en langflestir búa á Vestfjörðum:

| | Vor 2019 | Haust 2019 |
|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 57 | 66 |
| Suðurnes | 28 | 32 |
| Vesturland | 18 | 11 |
| Vestfirðir | 266 | 262 |
| Norðurland vestra | 12 | 10 |
| Norðurland eystra | 8 | 18 |
| Austurland | 12 | 13 |
| Suðurland | 6 | 12 |

## BROTTFALL

Hér sjást brotthvarfstölur síðustu þriggja ára:

| | Vor 2017 | Haust 2017 | Vor 2018 | Haust 2018 | Vor 2019 | Haust 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| % | 5,2 | 3,1 | 8,7 | 7,3 | 10,9 | 8,3 |

## NÁM

Fyrstu innrituðu nemendurnir samkvæmt nýrri námskrá voru innritaðir haustið 2015. Árið 2019 var fyrsta árið sem allar námsbrautir við skólann voru kenndar samkvæmt. nýrri námskrá byggðri á aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011.

## BRAUTIR Í BOÐI

Á árinu 2019 voru eftirfarandi námsbrautir kenndar við MÍ:

| BÓKNÁM | STARFS- OG VERKNÁM |
|---|---|
| • Félagsvísindabraut<br>• Náttúruvísindabraut<br>• Opin stúdentsbraut<br>• Opin stúdentsbraut – fjarnám<br>• Stúdentspróf af fagbraut<br>• Afreksíþróttasvið<br>• Starfsbraut | • Grunndeild háriðngreina<br>• Grunndeild málm- og véltæknigreina<br>• Húsasmíði<br>• Lista- og nýsköpunarbraut<br>• Sjúkraliðabraut<br>• Sjúkraliðabrú<br>• Skipstjórnarnám A<br>• Skipstjórnarnám B<br>• Stálsmíði<br>• Vélstjórn A<br>• Vélstjórn B |

Skipting nemenda eftir brautum var eftirfarandi árið 2019:

## HLUTFALL BÓK-, STARFS- OG VERKNÁMS

MÍ leggur áherslu á fjölbreytt námsframboð, bæði í bóknámi og starfs- og verknámi. Skiptingin milli bóknáms annars vegar og starfs- og verknáms hins vegar var eftirfarandi árið 2019:

| | Vorið 2019 | % | Haustið 2019 | % |
|---|---|---|---|---|
| **Bóknám** | 259 | 62,9% | 264 | 61,3% |
| **Starfs- og verknám** | 153 | 37,1% | 167 | 38;7% |

Útskriftarnemendur vorið 2019

# FÉLAGSLÍF NEMENDA

Félagslíf nemenda er stór þáttur í skólastarfinu og var það að venju mjög öflugt sem má öðru fremur þakka góðum stjórnum nemendafélagsins. Stjórnir ársins 2019 unnu vel með skólastjórnendum og öðrum sem koma að félagslífi nemenda.

Nemendur héldu marga velheppnaða viðburði eins og glæsilega fullveldishátíð og árshátíð, skemmtilega jólaviku, góðgerðarviku, jafnréttisviku, viðburðaríka dagskrá á Sólrisuhátíð með uppsetningu á leikritinu Ávaxtakarfan og svo mætti lengi telja. Að venju var keppt í Gettu betur.

# KENNSLA OG STJÓRNUN

Við Menntaskólann á Ísafirði störfuðu að meðaltali 40 starfsmenn árið 2019 í í 32 stöðugildum. Í töflunni hér á eftir eru birtar tölur um stöðugildi í hverju starfi frá vorönn 2012 til haustannar 2019.

| | 20121 | 20122 | 20131 | 20132 | 20141 | 20142 | 20151 | 20152 | 20161 | 20162 | 20171 | 20172 | 20181 | 20182 | 20191 | 20192 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skólameistari | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 |
| Aðst.skólam. | 0,75 | 0,75 | 0,75 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 0,90 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 |
| Áfangastjóri | 0,75 | 0,75 | 0,75 | - | - | - | - | - | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 |
| Fjármálastjóri | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 0,75 | 0,90 | 1,00 | 0,90 | 0,75 | 0,75 | 0,75 | 0,75 | 0,75 | 0,75 | 0,85 |
| Námsskrárstjóri | 0,50 | 0,50 | 0,50 | 0,50 | 0,50 | 0,50 | 0,50 | 0,50 | 0,50 | - | - | - | - | - | - | - |
| Náms- og starfsráðgjöf | 1,17 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 |
| Kennsla stöðugildi | 23,1 | 21,8 | 22,2 | 22,0 | 21,0 | 23,8 | 22,4 | 21,5 | 21,8 | 18,4 | 22,8 | 20,0 | 21,7 | 22,8 | 20,5 | 21,0 |
| Sviðstjórn | 0,25 | 0,25 | 0,25 | 0,25 | 0,25 | 0,25 | 0,25 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,3 |
| Tæknistjóri | 0,05 | 0,02 | 0,02 | 0,02 | 0,02 | 0,02 | 0,10 | 0,10 | 0,10 | 0,10 | 0,10 | 0,10 | 0,10 | 0,10 | 0,10 | 0,10 |
| Gæðastjóri | - | - | - | - | - | - | - | - | - | - | - | - | 0,25 | 0,25 | 0,25 | 0,50 |
| Félagsmálastjóri | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | - | - | - | - | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 |
| Forvarnarfulltrúi | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 | 0,07 |
| Bókavörður | 0,75 | 0,75 | 0,75 | 0,65 | 0,75 | 0,75 | 0,75 | 0,75 | 0,75 | 0,50 | 0,50 | 0,50 | 0,50 | 0,40 | 0,40 | 0,50 |
| Skjalavörður/persónuverndarfulltrú | - | - | - | - | - | - | - | - | - | - | - | - | | 0,25 | 0,25 | 0,10 |
| Skólafulltrúi | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 |
| Húsvörður | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 | 1,00 |
| Vistarvörður | 0,35 | 0,35 | 0,35 | 0,35 | 0,35 | 0,35 | 0,35 | 0,60 | 0,60 | 0,60 | 0,60 | 0,60 | 0,60 | 0,60 | 0,50 | 0,50 |
| Mötuneyti-ræsting heimavist | 1,20 | 1,20 | 1,20 | 1,20 | 1,20 | 1,20 | 1,20 | 1,20 | 1,20 | 1,20 | 1,20 | 2,15 | 2,15 | 2,15 | 2,15 | 2,15 |
| Stuðningsfulltrúi | 1,25 | 1,78 | 1,78 | 1,96 | 1,78 | 1,96 | 1,96 | 0,50 | 0,50 | | | | | 0,50 | 0,70 | 0,75 |
| Þroskaþjálfi | 1,00 | | | | | | | | | | | | | | | |
| KÍ-stöðugildi | 27,5 | 26,0 | 26,4 | 26,6 | 24,7 | 28,2 | 27,0 | 26,0 | 27,1 | 25,9 | 27,2 | 24,4 | 26,5 | 27,4 | 25,2 | 26,3 |
| Liðveisla | | 0,30 | 0,30 | - | - | - | | | 0,50 | 0,50 | 0,50 | 0,50 | | | | |
| Samt. stöðugildi | 35 | 34 | 34 | 33 | 32 | 35 | 34 | 31 | 33 | 28 | 33 | 31 | 32 | 34 | 31,8 | 32,8 |
| **Meðaltal ársins** | 34,4 | | 33,5 | | 33,4 | | 32,4 | | 30,5 | | 31,6 | | 33,1 | | 32,3 | |

Stöðugildi á vorönn (1) og haustönn (2) 2012-2019

Skólinn hefur þurft að ráða starfsmenn til að sinna nýjum lögboðnum verkefnum á undanförnum önnum. Gæðastjóri hefur starfað frá 2015 fyrst í 25% starfshlutfalli en er nú í 50% starfshlutfalli. Gæðaráð, skipað þremur kennurum ásamt einum stjórnanda, fær samtals 4 launaþrep sem gera um 10% stöðugildi meðallauna. Focal-gæðakerfin ásamt ritnotendum kosta 410.000 kr/ári.

Innleiðing skjalavistunarkerfis GoPro, sem er hluti af innleiðingu gæðakerfis og samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, var hafin á árinu. Við upphaf haustannar 2019 var ráðinn skjalavörður í 25% starf. Kostnaður vegna jafnlaunavottunar nam um einni milljón króna Viðbrögð við nýjum persónuverndarlögum mun kalla á vinnu og einhvern kostnað bæði vegna námskeiða, funda og ferðalaga ásamt viðbótarlaunum.

Kostnaður við jafnlaunavottun ásamt gæða- og skjalastjórnun var um 8 milljónir króna á þessu ári og mun haldast svipaður til 2022. Ekki var gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárheimildum 2019.

## SAMSTARF

MÍ á í ýmiss konar samstarfi og nýtur mikils velvilja í nærsamfélagi sínu. Hér verður gerð grein fyrir helstu samstarfsverkefnum skólans.

**SAMSTARF VIÐ FORELDRA OG FORRÁÐAMENN:** Samstarf við foreldra og forráðamenn fer fram með ýmsu móti. Í fyrstu kennsluviku haustannar fer fram fundur með foreldrum nýnema. Við skólann er starfandi foreldraráð sem m.a. stendur fyrir foreldravakt á öllum dansleikjum nemendafélagsins.

**SAMSTARF VIÐ AÐRA FRAMHALDSSKÓLA:** MÍ á í góðu samstarfi við aðra framhaldsskóla á landinu. Sem starfs- og verknámsskóli er skólinn í góðu samstarfi við aðra slíka skóla um allt land með reglulegum samráðsfundum. Skólinn á einnig samstarf við 11 aðra framhaldsskóla á landsbyggðinni um fjarnám og gengur samstarfið undir nafninu Fjarmenntaskólinn. Innan Fjarmenntaskólans er sérstakt samstarf milli MÍ, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra (FNV) og Verkmenntaskóla Austurlands (VA) um sjúkraliðanám. Stunda nú á annað hundrað nemendur sjúkraliðanám innan þess samstarfs.

Skólarnir sem standa að baki Fjarmenntaskólanum, mynd af heimasíðunni www.fjarmenntaskolinn.is

**SAMSTARF VIÐ GRUNNSKÓLA:** MÍ á í samstarfi við grunnskóla á norðanverðum Vestfjörðum. Fer það samstarf fram m.a. með reglulegum fundum skólastjórnenda og kennarahittingum beggja skólastiga.

**SAMSTARF VIÐ SVEITARFÉLÖG Í NÆRSAMFÉLAGINU:** Tvenns konar samstarf er við sveitarfélögin á svæðinu. Í fyrsta lagi um rekstur nýsköpunarsmiðjunnar Fab lab (e. fabrication

labratory) og í öðru lagi um rekstur afreksíþróttasviðs. Fab lab smiðjan er staðsett á fyrstu hæð heimavistarinnar. Allir sem áhuga hafa geta komið og unnið að verkefnum í Fab lab auk þess sem kenndir eru sérstakir nýsköpunaráfangar innan skólans. Afreksíþróttasvið skólans var endurvakið árið 2018. Að því koma auk skólans og sveitarfélaganna íþróttafélögin Hörður, Vestri og Skíðafélag Ísfirðinga sem og Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar. Sex íþróttagreinar eru í boði á afreksíþróttasviði; blak, dans, handbolti, knattspyrna, körfuknattleikur og skíðaganga.

**SAMSTARF UM KENNSLU Í STÁLSMÍÐI:** MÍ og stálsmíðafyrirtækið 3X Technology hafa átt gott samstarf um nokkuð langa hríð um kennslu í stálsmíði. Felst það samstarf í að starfsmenn fyrirtækisins hafa komið að kennslu á stálsmíðabrautinni auk þess sem nemendur hafa í sumum áföngum fengið kennslu í húsakynnum fyrirtækisins.

**ERLENT SAMSTARF:** Skólinn á í erlendum samskiptum við tvo skóla, annars vegar í Danmörku og hins vegar í Frakklandi. Samskipti við danska verknámsskólann EUC Lillebælt í Fredericia hafa staðið óslitin frá því árið 2011. Árið 2019 fóru 3 nemendur málm- og vélstjórnarnemendur til Danmerkur og frá Danmörku kom 11 manna nemendahópur ásamt kennara og dvöldu við skólann í tvær vikur. MÍ hefur í nokkur ár átt í samstarfi við framhaldsskólann St. Marie du Port í Les Sables d'Olonne á vesturströnd Frakklands og var árið 2019 undirbúningsár fyrir nemendasamskipti árið 2020. Nemendasamskiptin fara þannig fram að fyrst koma franskir nemendur til dvalar hjá nemendum í MÍ og síðan fara MÍ-ingar til dvalar hjá frönskum nemendum auk þess að heimsækja höfuðborgina París.

**SAMSTARF VIÐ BÓKASÖFNIN Á SVÆÐINU:** Gott samstarf er á milli bókasafna á svæðinu; grunnskólasafnsins, menntaskólasafnsins, háskólasafnsins og bæjarbókasafnsins. Til dæmis hafa verið haldnir sameiginlegir viðburðir á söfnunum. Fóru starfsmenn safnanna saman á bókasafnsráðstefnuna Next Library í Árósum í Danmörku í júní 2019 sem liður í undirbúningi fyrir Landsfund Upplýsingar sem haldinn verður á Ísafirði í september 2020 og starfsmenn bókasafnanna á Ísafirði sjá um að skipuleggja.

Öllum samstarfsaðilum skólans, sem eru fleiri en hér eru upptaldir, fá bestu þakkir fyrir gott samstarf á árinu 2019.

## MARKMIÐ OG STEFNA

MÍ setur markmið til þriggja ára í stefnuskjali ríkisaðila. Hér verður fjallað um hvert markmið, hvernig hefur verið unnið að því og árangur er metinn.

### MARKMIÐ A1: MINNKAÐ BROTTHVARF NEMENDA VIÐ SKÓLANN

Markmið er að minnka brotthvarf úr námi við skólann og er þá horft til þriggja þátta. Í fyrsta lagi að hækka hlutfall nýnema sem ljúka námi innan fjögurra ára af bók- og starfsnámsbrautum. Var hlutfallið 55% árið 2018 og er stefnt að því að það verði 75% árið 2022. Í öðru lagi að brotthvarf úr skólanum fari ekki yfir 5% á ári. Brotthvarfið árið 2018 var 5% og er stefnt að því að það verði undir 5% árið 2022. Í þriðja lagi að brottfall úr áföngum fari ekki yfir 8% að meðaltali. Árið 2018 var brottfallið 8% og er stefnt að því að það verði 5% árið 2022.

Unnið verður að þessum markmiðum með þrenns konar leiðum:

1. Aukinn stuðningur við nemendur með annað móðurmál en íslensku. Nemendur fá sérstaka tíma í stundatöflu þar sem þeir fá stuðning í formi aðstoðar við verkefnavinnu og við heimanám.
2. Hert eftirlit með fjarvistum og námsgengi nemenda. Staða mætinga tekin út reglulega yfir önnina og viðbrögð verða þegar mæting er komin undir tilskyld viðmið. Fjöldi áfanga sem nemendur fá að skrá sig í á næstu önn fer eftir mætingarhlutfalli og námsgengi á yfirstandandi önn.
3. Þjálfa kennara í kennsluháttum sem byggja upp námsgetu nemenda og eflir virkni þeirra og þrautseigju í námi.

## MARKMIÐ 2: FJÖLGA ÚTSKRIFUÐUM ÚR STARFS- OG VERKNÁMI

Markmiðið er að fjölga útskrifuðum úr starfs- og verknámi. Mælikvarðar verða annars vegar að hlutfall nemenda á starfs-, verk- og listnámsbrautum hækki. Staðan árið 2018 var 28% og er stefnt að því að það verði 34% árið 2022. Hins vegar er mælikvarðinn að aðstaða til verknáms og náms á lista- og nýsköpunarbraut uppfylli þarfir til nám og kennslu á þessum brautum. Árið 2018 var aðstaða þessara brauta óviðunandi og er stefnt að því að árið 2022 verði aðstaðan orðin fullnægjandi, annars vegar með því að stækka aðstöðu lista- og nýsköpunarbrautar og hins vegar með byggingu nýs verknámshúss fyrir húsasmíði, grunnnám háriðngreina og grunnnám rafiðna.

Unnið er að þessum markmiðum með þrenns konar hætti:

1. Halda úti nemendahópum þrátt fyrir að nemendafjöldi fari niður fyrir lágmarksviðmið í hópastærð.
2. Kynna námsframboð MÍ sérstaklega í verk- og starfsnámi og á lista- og nýsköpunarbraut fyrir grunnskólanemum á Vestfjörðum. Kynna sérstaklega framboð skólans í fjar- og dreifnámi fyrir markhópum á svæðum sem liggja utan við norðanverða Vestfirði.
3. Bæta aðstöðu til náms og kennslu á verknámsbrautum og á lista- og nýsköpunarbraut.

## MARKMIÐ A3: ÞRÓA OG EFLA ÁFRAM FJÖLBREYTT NÁMSFRAMBOÐ VIÐ SKÓLANN

Markmiðið er að þróa áfram og efla fjölbreytt námsframboð við skólann. Skal mælikvarðinn verða að skólaárin 2020-2022 verði sama námsframboð eða meira við skólann þrátt fyrir sveiflur í nemendafjölda. Árið 2018 voru 13 námsbrautir í boði og er stefnt að því að þeim fjölgi í alls 18 brautir árið 2022.

Unnið er að þessum markmiðum með þrenns konar leiðum:

1. Aukið samstarf við aðra starfsnámsskóla á landsvísu með það að markmiði að nemendur fái í gegnum slíkt samstarf aukin tækifæri til náms sem hæfir áhuga þeirra og styrkleikum.
2. Aukið samstarf á vettvangi fjarmenntaskólanna með það að markmiði að nemendum fái í gegnum slíkt samstarf aukin tækifæri til náms sem hæfir áhuga þeirra og styrkleikum
3. Kennsla hafin í námi í rafiðngreinum við skólann á haustönn 2020.

## MARKMIÐ B1. INNLEIÐING GÆÐAKERFIS VEGNA VERKNÁMS

Í stefnuskjali ríkisaðila er sett markmið um innleiðingu gæðakerfis. Unnið er að innleiðingu staðalsins ISO 9001:2015 auk þess sem lögð er áhersla á að gæðakerfi skólans þjóni sem best starfsemi hans á hverjum tíma. Í stefnuskjali eru sett viðmið um að hlíting ISO 9001:2015 sé 39% árið 2018, 85% árið 2020 og skólastarf verði vottað samkvæmt ISO 9001:2015 frá árinu 2021.

Aðgerðir sem ráðist hefur verið í til að ná þessum markmiðum eru aukning á starfshlutfalli gæðastjóra, úr 25% í 50% frá haustönn 2019 og silgreining starfs skjalastjóra og persónuverdarfulltrúa, en starfshlutfall hans er 20%.

Í niðurstöðuskýrslu rýni stjórnenda frá lokum vorannar 2019 er yfirlit yfir stöðu á hlítingu staðalsins ISO 9001:2015. Skýrslan fylgir með í viðauka. Ekki fór fram mat á hlítingu staðalsins síðar á árinu 2019 þó unnið hafi verið að hlítingu ýmissa krafna í staðlinum, en mat á hlítingu verður gert aftur fyrir rýni stjórnenda í maí 2020. Í skýrslunni frá maí 2019 sést að staða hlítingar var eins og í eftirfarandi töflu. Í skýrslu rýni stjórnenda fylgja einnig nánari skýringar.

| Krafa | Staða hlítingar |
|---|---|
| 4.1 Að skilja skipulagsheildina og samhengi hennar | Uppfyllt að hluta |
| 4.2. Að skilja þarfir og væntingar hagsmunaaðila | Ekki uppfyllt |
| 4.3. Að ákvarða umfang gæðastjórnunarkerfisins | Uppfyllt |
| 4.4. Gæðastjórnunarkerfi og ferli þess | Uppfyllt |
| 5.1. Forysta og skuldbinding | Uppfyllt að hluta |
| 5.2. Stefna | Uppfyllt |
| 5.3. Hlutverk, ábyrgð og völd innan skipulagsheildar | Uppfyllt |
| 6.1. Aðgerðir til að takast á við áhættu og tækifæri | Ekki uppfyllt |
| 6.2. Gæðamarkmið og skipulagning til að ná þeim | Uppfyllt |
| 6.3. Skipulagning breytinga | Ekki uppfyllt |
| 7.1. Auðlindir | Ekki uppfyllt |
| 7.2. Hæfni | Uppfyllt |
| 7.3. Vitund | Ekki uppfyllt |
| 7.4. Upplýsingagjöf | Ekki uppfyllt |
| 7.5. Skjalfestar upplýsingar | Ekki uppfyllt |
| 8.1. Rekstrarskipulagning og stýring | Ekki uppfyllt |
| 8.2. Kröfur varðandi vörur og þjónustu | Ekki uppfyllt |
| 8.3. Hönnun og þróun vöru og þjónustu | Uppfyllt að hluta |
| 8.4. Stýring á ferlum, vörum og þjónustu sem veitt er utan frá | Ekki uppfyllt |
| 8.5. Framleiðsla og veiting þjónustu | Uppfyllt að hluta |
| 8.6. Útskrift vöru og þjónustu | Uppfyllt að hluta |
| 8.7. Stýring frábrigðafrálags | Ekki uppfyllt |
| 9.1. Vöktun, mæling, greining og mat | Uppfyllt |
| 9.2. Innri úttekt | Ekki uppfyllt |
| 9.3. Rýni stjórnenda | Uppfyllt |
| 10.1. Almennt | Ekki uppfyllt |
| 10.2. Frábrigði og úrbætur | Ekki uppfyllt |
| 10.3. Stöðugar umbætur | Uppfyllt að hluta |

## MARKMIÐ B2. AUKIN STARFSÞRÓUN KENNARA OG STARFSFÓLKS

Í stefnuskjali ríkisaðila var sett markmið um aukna starfsþróun kennara og starfsfólks. Aðgerðir til að stuðla að þessu eru að halda endurmenntunarnámskeið á hverri önn fyrir starfsfólk og vinna

áfram að bættum kennsluháttum og því að styrkja leiðsagnarnám við skólann. Til að meta árangur eru settir þrír mælikvarðar.

Fyrsti mælikvarði er að fjöldi endurmenntunar- og starfsþróunarnámskeiða fyrir starfsfólk séu að minnsta kosti 1 á önn. Á vorönn 2019 stóðu stjórnendur að námskeiði um notkun Moodle í leiðsagnarnámi, en umsjón með því námskeiði höfðu kennarar við Menntaskólann við Tröllaskaga. Einnig stóð kennarafélag MÍ fyrir námskeiði um kvíða og erfiða hegðun nemenda í framhaldsskólum í samráði við stjórnendur. Á haustönn 2019 voru þrjú námskeið með Helenu Jónsdóttur sálfræðingi, eitt um vellíðan og samskipti á vinnustað, annað um leiðir til að takast á við streitu og hitt um leiðir til að takast á við fullkomnunarárattu.

Annar mælikvarði er að fagfundir, kennslustundarýni og/eða samtöl stjórnenda og starfsfólks fari fram á hverri önn með það í huga að auka gæði skólastarfsins og stuðla að starfsþróun kennara og starfsfólks.

Þriðji mælikvarðinn er að skólinn verði fyrir ofan miðju í könnuninni stofnun ársins meðal meðalstórra stofnanna. Í könninni árið 2019 var MÍ í 19. sæti af 44 yfir meðalstórar stofnanir.

Í þróunarstarfi innan skólans hefur undanfarin ár verið lögð aðaláhersla á tvennt. Annars vegar þróun fjarnámskennslu og hins vegar þróun leiðsagnarnáms (e. formative assessment). Haldin hafa verið ýmiss konar námskeið fyrir starfsfólk skólans auk þess sem einstaka kennarar og allur starfsmannahópurinn hefur farið á námskeið erlendis. Áætlað er að gera vinnu við starfsþróun kennara markvissari, t.d með því að ræða starfsþróun í reglulegum starfsmannasamtölum og gera sérstaka fræðsluáætlun fyrir hvert skólaár.

## FRAMVINDA OG ÁVINNINGUR AF ÁHERSLUVERKEFNUM

Ýmiss konar áhersluverkefni eru í gangi í MÍ og verður hér gerð grein fyrir þeim helstu:

### INNLEIÐING GÆÐASTJÓRNUNAR

Unnið hefur verið að innleiðingu gæðastjórnunar MÍ frá hausti 2016. Á vorönn 2019 var unnið að gerð verklags um innra mat, námsmat, útskrift, innritun, ábendingar, meðferð mála er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi auk þess sem unnið var að skjalavörslu og undirbúningi innleiðingar á jafnlaunakerfi. Á haustönn 2019 var megináherslan á innleiðingu jafnlaunastaðals, en samhliða því var unnið að ýmsu verklagi sem varðar gæðastjórnunarkerfið í heild, s.s. um mat á hlítingu og innri úttektir. Auk þess var unnið að verklagi um sviðsstjórn. Rýni stjórnenda fór fram tvisvar á árinu, annars vegar í lok vorannar og svo var sérstök rýni stjórnenda á haustönn í tengslum við innleiðingu jafnlaunastaðals.

### JAFNLAUNAVOTTUN

Undirbúningur fyrir innleiðingu jafnlaunastaðals hefur staðið yfir frá vorönn 2018 þegar gæðastjóri byrjaði að kynna sér jafnlaunastaðalinn og kortleggja vinnu við innleiðingu. Undirbúningurinn fór þó ekki á fullt skrið fyrr en á vorönn 2019, en þá sátu gæðastjóri og aðstoðarskólameistari námskeið um innleiðingu staðalsins og gerðu í kjölfarið áætlun um

innleiðingu í samstarfi við gæðaráð. Á haustönn 2019 var unnið að gerð verklags í tengslum við jafnlaunakerfi.

Fyrsta starfaflokkun fór fram snemma á haustönn, en í starfshópi um starfaflokkun sátu 7 starfsmenn með fulltrúum stjórnenda, kennara og annarrs starfsfólks. Í kjölfarið var gerð launagreining sem framkvæmd var af launagreiningarteymi sem í sátu gæðastjóri, aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri. Vottunarstofan iCert gerði forúttekt á jafnlaunakerfi MÍ 11. nóvember. Vottunarúttekt fór svo fram 2. og 3. desember, og staðfesting á ákvörðun á jafnlaunavottun barst frá iCert 24. desember.

## SKJALAVARSLA

Unnið hefur verið að undirbúningi og innleiðingu rafræna skjalavistunarkerfisins GoPro frá haustönn 2018. Samhliða því að unnið hefur verið að flokkun pappírsskjala og skjalavistun í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Málalykill var unninn í samræmi við reglur Þjóðskjalasafns Íslands um málalykla afhendingarskyldra aðila nr. 572/2015 og var hann samþykktur af Þjóðskjalasafni í október 2018 með gildistíma í fimm ár. Vorönn 2019 fór í undirbúningsvinnu á innleiðingu GoPro og að fá yfirsýn yfir umfang pappirsskjala og flokkun. Á haustönn 2019 var unnið að flokkun og endurbótum á skjalavistun starfsmannamála samkvæmt málalykli samhliða vinnu á innleiðingu jafnlaunastaðals.

Ýmis rafræn skjalavörslukerfi eru í notkun og vista gögn skólans. Allir starfsmenn fá úthlutað vinnunetfangi og nota það gegnum Office 365. Tölvu- og netþjónustukerfið Snerpa þjónustar skólann með tölvuþjónustu í skýi, s.s. tölvupóst og gagnavistun. MÍ er í samstarfi við Advania sem hýsir námskerfið Innu í vottuðu umhverfi. MÍ nýtir mannauðskerfið Orra til utanumhalds um launavinnslu. Gæðakerfi MÍ er stýrt í gegnum CCQ gæðakerfi sem rekið er af Origo. Rafræna skjalavistunarkerfið GoPro varðveitir skjöl sem varða starfsemi skólans, en það er rekið af Hugviti. Landskerfi bókasafna á og rekur bókasafnskerfið Gegni sem er notað á bókasafni skólans.

## PERSÓNUVERND

Persónuverndarfulltrúi skólans var tilnefndur haustið 2019 samkvæmt nýjum lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, lög nr. 90/2018. Persónuverndarfulltrúi hóf að vinna að gerð persónuverndarstefnu, vinnsluskrár og vinnslusamninga við vinnsluaðila skólans haustið 2019. Vinnsluaðilar persónupplýsinga eru aðilar sem vinna með persónuupplýsingar á vegum skólans. Persónuupplýsingar sem MÍ vinnur með eru varðveittar í nokkrum tölvukerfum og pappírsskjalasafni, sem nefndir eru í kafla um skjalavörslu.

## EFTIRFYLGNI INNRA MATS

Stefna um innra mat er unnin í samstarfi við gæðaráð skólans og eru verkefni og verklag nefndar um innra mat skilgreind í gæðahandbók MÍ.

Nefnd um innra mat starfar eftir verkáætlun sem skipulögð er fjögur ár fram í tímann. Á vorönn 2019 stóð nefndin fyrir foreldrakönnun, kennslukönnun og rýnihópum nemenda; greindi niðurstöður úr könninni *Stofnun ársins*, skoðaði brottfall nemenda skólaárið 2018-2019 og

námsmat. Á haustönn 2019 stóð nefndin fyrir kennslukönnun, stjórnunar og þjónustukönnin, nýnemakönnun, skólamálaþingi með nemendum auk þess sem hún kannaði námsmat og brotthvarf nemenda. Niðurstöður kennslukannana á vorönn og haustönn 2019 voru sendar kennurum til yfirferðar og úrvinnslu. Óskað var eftir að kennarar færu í gegnum niðurstöður og gerðu úrbætur í samræmi við niðurstöður. Einnig fá skólastjórendur niðurstöðurnar í hendur.

Niðurstöður annarra kannana og greininga á vegum innra mats voru kynntar stjórnendum og gæðaráði í lok beggja anna. Þar ákváðu stjórendur hvaða þættir innra mats færu inn í aðgerðaráætlun skólans.

## FJÁRHAGSLEG AFKOMA

Fjárhagsstaða skólans hefur verið afar slæm um nokkurt skeið. Skólinn var rekinn með rúmlega 22 milljón krónu halla árið 2019 og bætist það við uppsafnaðan halla fyrri ára. Skólinn hefur ekki fengið fjárveitingar í nokkur ár miðað við raunverulegan fjölda nemenda en þar munar tugum milljóna. Þetta skýrist þegar helstu lykiltölur í rekstri skólans eru bornar saman við fyrri ár:

| | RAUNTÖLUR MILLJÓNIR KRÓNA | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ÁR | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
| Fjárveiting ársins | 189,9 | 206,8 | 212,6 | 248 | 247 | 249 | 282 | 273 | 269,9 | 274,7 | 298,2 | 346 | 353,9 | 382 | 413,1 | 503,3 |
| Breyting framlags % | | 8% | 3% | 14% | 0% | 1% | 12% | -3% | -1% | 2% | 8% | 14% | 2% | 7% | 8% | 18% |
| Húsaleiga | | | | | | | | | | | | | | 53,1 | 58,3 | 146,2 |
| Orkukostnaður | | | | | | | | | | | | | | 9,3 | 10,9 | 10,5 |
| Mötuneyti (matvæli) | | | | | | | | | | | | | | 7,2 | 9,9 | 10 |
| Seld þjónusta og aðrar tekjur | 18 | 2 | 3 | 19 | 24 | 34 | 31 | 27 | 31 | 30 | 28 | 38 | 25 | 39 | 53 | 47 |
| Þar af styrkir | 3 | 10 | | 5 | 10 | 12 | | | | 12 | | | | 10 | | |
| Innritunargjöld fjarnám/dreifnám | | | | | 2,2 | 3,0 | | | | | 3,4 | 3,8 | 3,2 | 7,1 | 7,3 | 8,3 |
| Gjöld | 202,6 | 232 | 250,3 | 250 | 291 | 280 | 328 | 309 | 303 | 313 | 318 | 392 | 394 | 405 | 471,4 | 587 |
| Eignakaup | 6,3 | 2,9 | 11,0 | 4,9 | 11,0 | 1,0 | | | | 7,8 | 6,5 | 12,8 | 6,0 | 3,5 | 5,0 | 6,0 |
| Afgangur / halli | 5 | -12 | -15 | 17 | -14 | 32 | 8 | -8 | -2 | -8 | 8 | -1 | -16 | 10 | -4 | -22 |
| Hlutfall af fjárheimild og tekjum ársins | 2,6% | -6,0% | -6,8% | 6,4% | -5,2% | 11,3% | 2,6% | -2,6% | -0,8% | -2,6% | 2,6% | -0,3% | -4,2% | 2,4% | -0,9% | -4,0% |
| Reikn. ársnemendur án starfsbrauta | 278 | 297 | 275 | 244 | 272 | 259 | 250 | 248 | 277 | 262 | 235 | 252 | 236 | 230 | 300,7 | 303,7 |
| Ársnemendur í fjárlögum, nemendur í fullu námi | | | 320 | 321 | 320 | 320 | 308 | 290 | 290 | 290 | 246 | 243 | 242 | 237 | 225 | 229 |
| Brottfall dagskóli | 13% | 8% | 6% | 12% | 10% | 9% | 8% | 8% | 3% | 5% | 10% | 6% | 8% | 5% | 7% | 9% |
| Samtals kennslustundir/viku | 723 | 791 | 702 | 684 | 678 | 620 | 573 | 553 | 540 | 531 | 536 | 526 | 468 | 527 | 547 | 494 |
| Laun og launatengd gjöld | 151 | 177,1 | 183,4 | 186,5 | 205 | 193 | 190 | 197 | 201 | 209 | 221 | 249 | 280 | 307 | 354 | 367 |
| Hlutfall launa af fjárheimildum | 80% | 86% | 86% | 75% | 83% | 78% | 67% | 72% | 75% | 76% | 74% | 72% | 79% | 80% | 86% | 73% |
| Dagvinna | 102 | 119 | 121 | 122 | 135 | 129 | 124 | 130 | 142 | 143 | 142 | 174 | 178 | 195 | 229 | 232 |
| Yfirvinna samt. Mkr | 22 | 24 | 27 | 31 | 33 | 28 | 29 | 29 | 29 | 24 | 29 | 36 | 44 | 44 | 49 | 51 |
| Hlutfall yv af dagvinnulaunum | 22% | 21% | 22% | 25% | 24% | 22% | 23% | 22% | 20% | 17% | 20% | 21% | 25% | 23% | 21% | 22% |
| Yfirvinna v/kennslu | | | | | 702 | 624 | 422 | 512 | 404 | 342 | 405 | 366 | 325 | 581 | 723 | 650 |
| Yfirvinna vegna kennsluasláttar | 217 | 217 | 152 | 195 | 173 | 123 | 137 | 101 | 109 | 65 | 72 | 54 | 60 | 35 | 155 | 275 |
| Sérfræðiþjónusta | | | | | | | | | | | | | | 7,3 | 8,8 | 8,8 |
| Stöðugildi | 41 | 43 | 39 | 39 | 40 | 37 | 35 | 34 | 34 | 33 | 32 | 31 | 32 | 33 | 33 | 32 |

Kennslumagn hefur ekki aukist í hlutfalli við nemendafjölgun sem skýrist fyrst og fremst af mun á betri hópanýtingu í bóknámi. Hlutfall yfirvinnu af dagvinnu var 22% eða um 51 milljónir króna sem er svipað og síðustu tvö árin. Yfirvinna var fyrst og fremst vegna kennslu eða 640 klst/mán. sem nemur meðaltali síðustu þriggja ára. Yfirvinna vegna kennsluafsláttar var 35 klst/viku 2017 en var 275 árið 2019 og mun haldast svipuð til 2022. Ekki er gert ráð fyrir þessum aukna kostnaði í fjárheimildum.

Við upphaf skólaársins 2017-18 tók skólinn yfir allan rekstur mötuneytisins úr höndum einkaaðila. Nokkur halli hafði þá verið á rekstrinum mörg undanfarin ár. Í mötuneytinu starfar matreiðslumeistari í fullu starfi og aðstoðarmaður í hálfu starfi. Rekstur mötuneytisins stendur undir hráefniskostnaði en launakostaður fellur alfarið á skólann. Alltaf er leitað eftir hagstæðustu kjörum við innkaup og þjónustu. Ekki virðist vera gert ráð fyrir auknum kostnaði við rekstur mötuneytis í fjárheimildum.

Um fjárhagsstöðu skólans hefur ítrekað verið rætt á skólafundum MÍ með starfsfólki mennta- og menningarmálaráðuneytis á undanförnum árum. Á þeim fundum hafa stjórnendur MÍ útskýrt stöðuna og rætt um leiðir til bregðast við henni. Eins og fram hefur komið á þessum fundum skýrist slæm fjárhagsstaða einkum af nokkrum þáttum, sem flestir eiga sinn þátt í að valda hækkuðum launakostnaði.

Skólinn hefur snúið vörn í sókn og fjarnemum hefur fjölgað mikið. Hins vegar gerðu fjárframlög til skólans áfram ráð fyrir að nemendum fækkaði stöðugt í skólanum á milli ára og áætlanir um fjárframlög til næstu ára gerðu ráð fyrir verulegum samdrætti. Í fjárlögum 2018 var til dæmis gert ráð fyrir að 2020 væru 202 nemendur í fullu námi við skólann í staðinn 310 eins og staðan var við lok innritunnar á vorönn 2020.

Stjórn MÍ hefur haldið áfram að leggja áherslu á og byggja upp kennslu í verk- og starfsnámi, í samræmi við áherslur stjórnvalda. Má þar nefna að haldið er úti fámennum hópum í vélstjórnar- og málmiðngreinum. Boðið var upp á lotubundið staðnám í húsasmíði og skipstjórn A og B sem mikil aðsókn er í. Ekki var farið af stað með B-nám vélstjórnar né kennslu á lokaári í stálsmíði, sökum fjárskorts og fámennra hópa.

Fjarnemum hefur fjölgað verulega frá 2015. Nemendur í fullu námi voru 2019 að meðaltali 304 og gert er ráð fyrir að hann verði 325 árið 2021. Nemendur í fullu námi voru um 80 umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárheimildum 2019. Skólinn mun halda áfram að leggja áherslu á að efla lotubundið staðnám og fjarnám og viðhalda þannig góðri hópanýtingu.

Frá 2007 til 2019 hefur skólinn fengið styrki frá nærsamfélaginu samtals 49 milljónir kr og voru þeir nýttir til kaupa á kennslubúnaði og þá fyrst og fremst vegna kaupa á tækjum fyrir list- og nýsköpun, húsasmíði, Fab-Lab stofu, vélstjórn og málmiðngreinar. Án styrkja hefði skólinn verið með 31 milljón króna uppsafnaðan halla til viðbótar við þann sem fyrir er. Þessir styrkir hafa líklega haft áhrif á framlag ríkissjóðs og styrkir í raun runnið þannig að hluta beint til ríkissjóðs en ekki til skólans. Óskað hefur verið eftir því að skólinn fái þetta bætt en endanlegt svar hefur ekki borist.

## HÚSNÆÐI SKÓLANS OG SAMNINGAR

Byggingar skólans 9. mars 2009. Talið frá vinstri: Íþróttahús, bóknámshús, heimavist og verknámshús.

Leigusamningur fyrir húsnæði skólans hækkaði umtalsvert á árinu eins og sést af yfirlitinu hér framar. Þann 17. desember 2019 undirritaði skólameistari húsaleigusamning við Ríkiseignir vegna leiðréttinga á vantöldum 1400 fermetrum. Við þetta hækkaði leigan um kr. 16.401.532 fyrir allt árið 2019. Heildarhækkun húsaleigu frá fyrra ári er 88 milljónir króna en fjárheimildir til skólans hækkuðu um 90 milljónir króna sem þýðir að hækkun fjárheimilda er aðeins tvær milljónir króna milli ára þegar húsaleigan er frátalin. Skólameistari undirritaði samninginn þar sem bæði mennta- og menningarmálaráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið höfðu samþykkt þessa hækkun og undirritað samninginn.

Ný verkmenntaaðstaða í kjallara heimavistar fyrir nýstofnaða húsasmíðabraut var tekin formlega í notkun á vorönn 2006. Aðstaðan er að stórum hluta í rými sem var aldrei samþykkt og átti í raun að vera lokað með uppfyllingu. Vinnuaðstaðan er þröng og hávaði frá trésmíðavélum skapar ónæði hjá heimavistarbúum sem eru fyrir ofan. Smíði smáhýsa á fjórðu önn húsasmíðabrautar verður að fara fram utandyra sem er oft mjög erfitt vegna veðurs og snjóalaga. Menntaskólinn á Ísafirði er einn af fáum skólinn á landinu þar sem húsasmíðanemar þurfa að smíða sín smáhýsi utandyra. Mikil aðsókn hefur verið á húsasmíðabraut undanfarin tvö ár og á síðasta ári var biðlisti í námið. Kennsla hófst á lista- og nýsköpunarbraut fyrir fjórum árum og hefur skort á hentugt kennslurými en

núverandi kennslurými í húsasmíði myndi henta vel fyrir kennslu nýsköpunar- og listgreina. Á sama tíma og 1. áfangi verkmenntahúss var tekinn í notkun árið 1995 var ný aðstaða fyrir rafiðngreinar tekinn í notkun í rými á jarðhæð heimavistar þar sem nú er aðstaða fyrir Fab-Lab stofu. Kennsla í rafiðngreinum hefur ekki verið í boði við skólann síðan 2004. Mikill skortur er á iðnaðarmönnum í rafiðngreinum á Vestfjörðum og hafa fyrirtæki í þessari grein á svæðinu lýst áhyggjum sínum á stöðunni. Stefnt er að því að kennsla í rafiðngreinum hefjist á haustönn 2020 í samvinnu við Tækniskóla Íslands. Til að bæta úr framantöldu þarf að horfa til stækkunar skólahúsnæðisins.

Á fundi skólanefndar Menntaskólans á Ísafirði 26. september 2019 var samþykkt að kanna vilja sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum til að byggja 2. áfanga verkmenntahúss við hlið 1. áfanga sem reistur var 1994 á lóð skólans. Skólanefnd samþykkti einnig að byggingaráformum yrði hrint í framkvæmd sem fyrst. Jákvætt svar barst frá bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar um þátttöku í verkefninu. Í bréfi til mennta- og menningarmálaráðuneytisins þann 13. nóvember 2019 var óskað eftir áliti ráðuneytisins á þátttöku í þessu verkefni og að fjármögnun verkefnisins yrði tryggð fyrir fjárlagagerð 2021. Æskilegt væri og við hæfi að þetta yrði frágengið fyrir 50 ára afmæli skólans sem verður þann 3. október 2020. Húsið gæti þá verið tilbúið við upphaf skólaársins 2021-2022. Svör hafa ekki borist frá ráðuneytinu.

---

Andrea Harðardóttir fjarnámsstjóri

Anna Jóna Kristjánsdóttir gæðastjóri

Friðgerður Guðný Ómarsdóttir fjármálastjóri

Heiðrún Tryggvadóttir aðstoðarskólameistari

Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari

Júlía Björnsdóttir bóka- og skjalavörður og persónuverndarfulltrúi